

Nd.

## 516. Frumvarp til laga

[261. mál]

um breyting á lögum um jafnrétti kvenna og karla, nr. 78/1976.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir.

### 1. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Við ráðningu og skipun í starf, stöðuhækkun og stöðuheiti er atvinnurekendum óheimilt að mismuna konum og körlum í starfi. Sama gildir um uppsögn úr starfi, veitingu hvers konar hlunninda og almenn vinnuskilyrði.

### 2. gr.

Á eftir 4. gr. laganna komi ný grein, sem verði 5. gr. og orðist svo:

Þegar um er að ræða starf, sem frekar hafa valist til karlar en konur, skal konunni að öðru jöfnu veitt starfið.

Gildir þetta jafnt um embættisveitingar hjá hinu opinbera sem og á hinum almenna vinnumarkaði.

Ákvæði þetta skal endurskoðað að 5 árum liðnum.

### 3. gr.

1. mgr. 5. gr. laganna (sem verði 6. gr.) orðist svo:

Nú er umsækjandi um auglýst starf kona, en það hefur verið veitt karlmanni, og skal þá Jafnréttisráð, ef það telur slíkt nauðsynlegt eða umsækjandi óskar þess, fara fram á það við hlutaðeigandi atvinnurekanda, að hann veiti því skriflegar upplýsingar um hvað lagt var til grundvallar við ráðningu í starfið.

### 4. gr.

Á eftir 10. gr. (sem verði 11. gr.) komi ný grein, sem verði 12. gr. og orðist svo:

Á fjárlögum ár hvert skal veita Jafnréttisráði framlag sem geri því kleift að standa fyrir könnunum á launakjörum karla og kvenna.

Atvinnurekendum og samtökum launafólks er skylt að veita Jafnréttisráði allar nauðsynlegar upplýsingar við framkvæmd slíkrar könnunar.

### 5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

### Greinargerð.

Þegar lögum um jafnrétti karla og kvenna voru sett 1976 var tilgangur þeirra að stuðla að jafnrétti kynjanna, ekki hvað síst til atvinnu og launakjara, og reyna að bæta úr því misrétti sem ríkti í því efni.

Ljóst er að framkvæmd laganna hefur ekki tekist sem skyldi hvað þetta varðar. — Í athugasemdum með lagafrumvarpinu frá 1976 segir að búast megi við, ef frumvarpið verði samþykkt, að það muni marka verulegt spor í þá átt að breyta ríkjandi viðhorfum og flýta fyrir því, að fullt jafnrétti kynjanna náist. Í 2. gr. laganna frá 1976 segir að konum og körlum skuli greidd jöfn laun fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf. Og í athugasemdum við þá grein segir m. a.: „Fyrsta skilyrðið til þess að raunhæfu jafnrétti verði náð er að konum og körlum verði veittir jafnir möguleikar til menntunar og atvinnu og greidd jöfn laun fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf. Er þessari grein ætlað að útrýma þeim mismun, sem ríkir í þessum efnum í

atvinnulífínu og þjóðfélaginu yfirleitt.“ Þegar þáverandi félagsmálaráðherra mælti fyrir frumvarpinu sagði hann m. a. um þessa grein: „Með slíkri yfirlýsingu er lögð áhersla á að opinberir aðilar eigi að leggja áherslu á jafnrétti kynjanna við framkvæmd mála.“

Nú hafa þessi lög verið í gildi um 5 ára skeið og þrátt fyrir fögur áform og góðan tilgang laganna verður ekki séð að þau hafi markað spor í þá átt að breyta ríkjandi viðhorfum og flýta fyrir því, að fullt jafnrétti kynjanna náist.

Er þar ekki hvað síst um að kenna að sum ákvæði laganna eru mjög óljós og reynslan hefur sýnt að erfitt hefur reynst að túlka þau afdráttarlaust í framkvæmd og tilgangur laganna því ekki náðst fram sem skyldi.

Auk þess hefur það sýnt sig, að Jafnréttisráð, eins og nú er að starfseminni búið, hefur ekki það bolmagn sem til þarf til að sjá um að lögnum sé framfylgt.

Í skýrslu Jafnréttisráðs fyrir tímabilið júlí 1976 til desember 1979 kemur fram, þegar gerð er grein fyrir þeim málum sem Jafnréttisráð hefur fjallað um á því tímabili, að mest hefur borið á málum sem snerta launamisrétti. — Ljóst er að mjög mikið vantar á að gerðar séu kannanir á vinnumarkaðnum á raunverulegum launakjörum, sem varpi ljósi á hve mikil brögð séu að launamisrétti. Slíkar kannanir eru nauðsynlegur þáttur til að tryggja launajafnrétti, því eins og vitað er eru launataxtarnir sjálfir, sem samið er um í almennum kjarasamningum, engan veginn gildur mælikvarði á raunveruleg launakjör í landinu.

Þær kannanir, sem þó liggja fyrir, m. a. frá Kjararannsóknarnefnd og einstaka stéttarfélagi, varpa glögglega ljósi á, að þrátt fyrir ákvæðið um sömu laun fyrir sömu störf er langt frá því að svo sé í reynd.

Í 10. gr. laganna, 5. tl., segir að eitt af verkefnum Jafnréttisráðs sé að taka til rannsóknar af sjálfsdáðum, hver brögð kunna að vera að misrétti í jafnréttismálum að því leyti er lög þessi varðar.“ Eigi Jafnréttisráði að vera það kleift að því er launamisréttið varðar liggur í augum uppi að ráðið verður að geta staðið fyrir könnunum á launakjörum á vinnumarkaðnum, en til þess hefur það ekki haft fjárhagslegt bolmagn.

Konur hafa á síðustu árum í vaxandi mæli farið út á vinnumarkaðinn og samhliða hefur menntun kvenna verulega aukist. Hins vegar er ljóst að konur leggja á sig tvöfalt vinnuálag þegar þær jafnhliða vinna að verðmætasköpun í atvinnulífínu. Þarf því engan að furða að konur sætti sig ekki við að á rétt þeirra sé gengið með verri kjörum — minni möguleikum að öðru jöfnu til embættisveitinga eða áhrifa til stefnumótunar í þjóðfélaginu í heild.

Með aukinni menntun og virkni kvenna í allri þjóðfélagsuppbyggingunni er því í vaxandi mæli að skapast sá þrýstingur að ekki verður lengur við unað að réttur kvenna samkvæmt lögum sé fyrir borð borinn.

Það hefur sýnt sig að jafnréttislögin eru ekki það haldreipi sem þurfti til að spyrna á móti, þegar lög, sem tók konur áratuga þrotlausa baráttu að ná fram, duga ekki til.

Má í því sambandi minna á lögin frá 1911 um rétt kvenna til embættis, lögin frá 1961 um almennan launajöfnuð karla og kvenna og skyldi honum að fullu náð árið 1967 og lögin um Jafnlaunaráð frá 1973. Einnig má minna á að árið 1958 fullgilti Ísland samþykkt Alþjóðavinnuálagstofnunarinnar um jöfn laun karla og kvenna fyrir jafnverðmæt störf og þær skuldbindingar sem í þeirri samþykkt felast.

Líta verður svo á, að þrátt fyrir skýlaus ákvæði allra þessara laga um fullt jafnrétti kynjanna til embættis, menntunar, atvinnu og launa hafi þótt brýna nauðsyn bera til að setja lögin um jafnrétti kvenna og karla frá 1976 til að tryggja í reynd framkvæmd áðurgreindra laga.

Reynslan hefur þó sýnt að þrátt fyrir góðan tilgang laganna frá 1976 eru þau alls ekki virk í reynd og að óbreyttum þeim lögum er torsótt að ná því marki sem lögin áttu að tryggja.

Flutningsmaður þessa frumvarps gerir sér ljóst að erfitt getur verið að setja í lög ákvæði sem tryggja afdráttarlaust fullt jafnrétti kynjanna á þann veg að ekki sé hægt undan því að víkja. Skiptar skoðanir eru líka um það, að hve miklu leyti það er æskilegt. Sumir telja þó að miðað við fyrri reynslu sé slíkt ekki hægt nema konum séu sköpuð ákveðin tímabundin forréttindi með lögum. Verður að telja það neyðarúrræði, þó reynslan sýni að það sé réttlæt看legt.

Þær breytingar, sem í þessu frumvarpi felast, miða allar að því að gera lög in um jafnrétti karla og kvenna eins markviss og skýr og framast er unnt, þannig að lög in verði virk í framkvæmd.

#### *Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

##### Um 1. gr.

Í þessari grein kemur fram að ekki megi mismuna konum og körlum í starfi. Eðlilegt er að markviss ákvæði verði sett um að sú mismunun, sem óheimil er, verði starfið og beinist að því sem slíku. — Í nógildandi lögum segir að óheimilt sé að mismuna starfsfólki eftir kynferði. Ákvæðið er mun óljósara og erfitt að skilgreina svo rétt sé í framkvæmd, eins og raunin hefur á orðið.

##### Um 2. gr.

Staðreynd er að kynbundin starfsskipting er ríkjandi í mörgum atvinnugreinum. Ástæða þess er m. a. að konur hafa minni menntun og því ekki skilyrði til að hasla sér völl í mörgum atvinnugreinum sem krefjast sérþekkingar og menntunar. Undanfarin ár hefur þetta verið að breytast með aukinni menntun kvenna, og þær hafa í auknu mæli sótt inn á fleiri námsbrautir en áður.

Í kjölfar þess hljóta konur því að sækja inn í störf þar sem karlmenn hafa verið svo til einráðir áður. Varla verður því á móti mælt, að með tilliti til jafnréttissjónarmiða er slík þróun mjög æskileg.

Þegar litið er til þess, að reynslan hefur sýnt að oft er erfitt fyrir konur — þrátt fyrir hæfni og menntun — að komast í áhrifastöður, getur varla talist óeðlilegt, þegar konur hafa sömu hæfileika til að bera og karlar, að þeim sé að því jöfnu veitt ákveðin, tímabundin forréttindi meðan konur eru í miklum minni hluta innan ákveðinna starfsgreina.

Má reyndar deila um hvort slíkt eigi að kallast forréttindi, miklu nær væri að kalla það jafnrétti. — Eðlilegt er að ákvæði þetta verði endurskoðað að 5 árum liðnum.

Slíkt fyrirkomulag hlýtur að verka sem hvatning fyrir konur til að sækja sér aukna menntun og sækja inn í störf sem karlmenn hafa einkum valist til. Mætti hugsa sér það fyrirkomulag sem tímabundið.

##### Um 3. gr.

Í nógildandi lögum segir að ef umsækjandi um auglýst starf sé kona, en það hefur verið veitt karlmanni, sé hægt að fara fram á það við atvinnurekanda að hann veiti skriflegar upplýsingar um menntun, starfsreynslu og aðra sérstaka hæfileika sem sá hefur til að bera er ráðinn var í starfið.

Erfitt er að sjá gildi slíks ákvæðis, því oftast liggur ljóst fyrir um menntun og starfsreynslu viðkomandi.

Til að koma í veg fyrir, að konum og körlum sé mismunað í starfi, þarf að gera ákvæðið markvissara — til að Jafnréttisráð geti metið hvort um mismunun sé að ræða.

Því er lagt til að atvinnurekandi veiti upplýsingar um hvað lagt var til grundvallar við ráðningu í starfið.

#### Um 4. gr.

Ljóst er að Jafnréttisráð er ekki í stakk búið til að fylgja eftir framkvæmd á ákvæði 2. gr. jafnréttislaganna, sem kveður á um að greidd séu jöfn laun fyrir jafnverðmæt störf.

Frá upphafi hefur Jafnréttisráð leitað eftir að fá aukið starfslið, sem er m. a. forsendan fyrir að hægt sé að standa fyrir könnunum á launakjörum í landinu og fylgjast með að launajafnrétti kvenna og karla sé í reynd virt. Þær óskir hafa hingað til engan árangur borið.

Jafnréttisráð getur því einungis lagt til grundvallar við mat á framkvæmd þessa ákvæðis umsamda launataxta á vinnumarkaðnum, en ljóst er að slík viðmiðun er enginn mælikvarði á raunveruleg launakjör í landinu.

Því er jafnréttisráði að óbreyttu gert ókleift að fylgjast með því að launajafnrétti ríki milli karla og kvenna á vinnumarkaðnum.

Forsenda fyrir því, að Jafnréttisráð geti á raunhæfan hátt fylgst með slíku, er að því sé unnt að standa fyrir skipulögðum könnunum á vinnumarkaðnum á raunverulegum launakjörum í landinu.

Mikilvægt er að atvinnurekendur veiti allar nauðsynlegar upplýsingar til að þessar kannanir séu framkvæmanlegar. Þykir rétt að um það sé sérstakt ákvæði er vísi sérstaklega til þessa ákveðna þáttar, jafnmikilvægt og það er að slík könnun geti farið fram með eðlilegum og árangursríkum hætti.